## 43. Um blaðsölu barna.

3 sundurlaus blöð.

Það er ekki kunnugt, að neinstaðar á Norðurlöndum séu börn, innan fermingar-aldurs, látin bera út blöð eða selja þau á götum úti. Hér í höfuðstað landsins er þetta orðið að venju og er hún ekki einungis stór-hættuleg heilbrigði barnanna, heldur og siðferði þeirra. Hafa foreldrar barna hér í Reykjavík og aðstandendur þeirra annars gert sér ljóst, hversu hættulegt þetta er börnum þeirra? Hver áhrif halda þeir að það t.d. hafi fyrir ráðvandan ungling, sem annars er orðinn læs og ekki þekkir neitt til ósannindа, að hann sé látinn selja Alþýðublaðið eða Verklýðsblaðið á þennan hátt? Hvernig halda þeir að útlendingunum sem hér eru staddir og sem einhver skil kunna á íslenzku máli, geðjist að því, að heyra saklaust stúlkubarn hrópa upp svívirðulegustu fyrirsagnir níðgreina um einstaka, alkunna sómdarmenn og nefna nöfn þeirra fullum stöfum í sambandi við slíkan óþverra? Slíkir menn (útlendingarnir) vita e.t.v. ekki, að höfundar níðsins eða ritstjórar saur-blaðanna, eru dæmdir bófar (þó „náðaðir" séu), sem beita það eitt í mál-gögnum sínum, ~~sem~~ á náunganum, sem fyrirlitlegast er og auvirðilegast í fari sjálfra þeirra og þetta eru svo saklaus börnin látin æpa upp yfir alla á götum borgarinnar, milli þess að þau eru að reyna að stautast fram úr því sjálf.

Nú er ~~bæjarstjórn~~ hið opinbera búið að kjósa og skipa barnaverndar-nefnd hér í bænum og barnaverndarráð fyrir allt landið. Margir hyggja gott til þessara manna. Eiga nú ekki foreldrar barnanna, aðstandendur þeirra og þjóðin öll heimtingu á að hér sé tekið í taumana og spillingu þeirri sem ritstjórar saurblaðanna hafa komið hér á, verði létt af bæjar-búum og allri þjóðinni yfir höfuð?

Reglugerð skólans lagði háar sektir við, ef foreldrarnir létu eigi börn sín ganga í skólann. Fjöldi foreldra skeytti þessu engu, en sögðu börnunum, að í stað þess að fara í skólann skyldi þau fara í hvaða veðri sem var, „niður í bæ“ til þess, að selja þar blöð á götunum úti. Fyrir blaðasöluna fengu börnin

Flest 3 aura fyrir hvert blað er þau seldu, önnur, en miklu færri fengu 4 aura og jafnvel sum 5 aura.

Meginþorri barnanna mun hafa fengið foreldrum sínum í hendur „kaupið“ það, er þau unnu fyrir á þessa lund, og nam það alls að 50 aurum á dag hjá flestum þeirra, önnur fengu 1–2 kr. eftir því, hversu dugleg þau reyndust við söluna. Fjöldi barna skiluðu engum eyri af þessu kaupi sínu til foreldra sinna á heimilin; þau stungu þeim í sinn eigin vasa og sögðust eigi hafa selt neitt, týnt peningunum eða þeim hefði verið stolið frá sér. Þetta reyndist þó eigi ávallt rétt: Börnin keyptu vínarbrauð, karamellur, brjóstsykursleikjur eða annað „gott“ fyrir peninga sína; önnur börn fengu sér bílfar inn eftir fyrir peninga sína eða til Hafnarfjarðar og „upp á bæi“ o. s. frv. — Það var talin goðgá hin mesta að setja nokkrar hömlur á athæfi þessu, því hún væri svo mörgum foreldrum til léttis, og sagt var, að einn hinn æðsti embættismaður hefði látið svo um mælt, að starfsemi þessi væri eigi einungis hin ákjósanlegasta fyrir börnin og uppeldi þeirra, því hún yki „sjálfsbjargarviðleitni“ þeirra, djarflega framkomu og vendi þau á viðskipti þeirra við aðra menn, viðskipti, sem þau ættu í vændum að hafa með höndum síðar meir.

44. Um fyrirkomulag barnakennslu

1 reningur.

Lög voru samin og staðfest er heimiluðu að banna börnum innan 16 ára aldurs
blaðasölu og betl á götum úti; — en undanlögin gleymdust! 3.
Nefnd var skipuð, — það var þegnskyldustarf að vera í þeirri nefnd og fékk hver nefndar-
maður 83 aura dagkaup allt árið fyrir þetta starf sitt. [illegible]
1,75 aura á dag auk dýrtíðaruppbótar — Og nefndin bannaði sölu samkvæmt
lagaheimild þessari. Hví gerði hún það?

1. Vegna þess, að jafnvel börn innan 5-6 ára aldurs voru látin taka þátt í henni.
2. Vegna þess, að börnunum þótti stafa svo mikil hætta af þessari iðju sinni:
   a. Þau vanræktu skólagönguna, skólastjórar og kennarar kvörtuðu undan þessu og kröfðust þess, að börnin sæktu skóla sinn.
   b. Hún sá börnin hlaupa þvert yfir götuna, börnin gættu þess eigi þótt bílar kæmi hjólandi sitt frá hvorri hlið og í veg fyrir þau.
   c. Börnin voru hlífarlaus, vot í fótunum, fáklædd, grá í gegn af kulda og vosbúð. [illegible]!